

# Yfirlýsing frá fundi íbúa og velunnara Hóla í Hjaltadal og Háskólans á Hólum

Haldinn 11. mars 2026

Hólar í Hjaltadal er einn merkasti sögu-, menningar- og menntastaður þjóðarinnar. Háskólinn á Hólum ásamt Hóladómkirkju eru kjölfestan í starfsemi Hóla. Staðurinn er á ábyrgð ríkisins og hefur háskólinn farið þar með staðarhald, umsjón fasteigna og bújarðar. Á Hólum hefur byggst upp þéttbýli þar sem háskólinn er miðpunktur, því fjöldi starfsmanna skólans og nemenda býr á Hólum. Nær öll önnur starfsemi á Hólum, s.s. nemendagarðar, rekstur mötuneytis og gistingar, Bjórsetur Íslands, Sögusetur íslenska hestsins, er beintengd starfi háskólans og að mörgu leyti forsenda fyrir rekstri hans. Fjöldi ferðamanna sækir Hóla heim.

Vegna langvarandi fjárskorts og deilna milli sveitarfélags og ríkis varðandi þjónustu við íbúa hefur viðhaldi, jafnt húsnæðis og gatna, verið mjög ábótavant. Síðan háskólinn tók þá ákvörðun, í desember 2023, að skólinn myndi ekki koma að annarri starfsemi á Hólum en tengdist beint skólastarfinu hefur ástand versnað til muna. Einnig var grunnskólanum á staðnum lokað haustið 2024. Allt þetta hefur dregið úr velferð íbúa á Hólum og nágrenni.

Því virðist sem ríkisvaldið, sveitarfélagið Skagafjörður og Háskólinn á Hólum séu í sameiningu að veikja stöðu Hóla í Hjaltadal og starfsemi háskólans þar. Þetta er að mörgu leyti óskiljanlegt, enda er tilvera og uppbygging háskólans órjúfanleg Hólastað. Minnisblöð tveggja starfshópa ríkisvaldsins endurspeglar að verið sé að grafa undan staðnum. Annars vegar starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal, sem skilaði minnisblaði í október 2024, og hins vegar framkvæmdahóps um Hóla í Hjaltadal, sem skilaði minnisblaði 15. október 2025. Tillögur í minnisblöðunum virðast ekki byggja á nokkurn hátt á sterkri framtíðarsýn fyrir Hóla í Hjaltadal. Þar er ekki gert ráð fyrir að Háskólinn muni eflast á Hólum og kennsla og rannsóknarstarf aukast, og þar með fjöldi nemenda og starfsmanna. Tillögur minnisblaðanna eru að mestu settar fram án þess að skýrt sé hvernig á að fjármagna þær. Á sama tíma er Háskólinn á Hólum ásamt Háskóla Íslands í uppbyggingu á háskólasamstæðu, sem ætti, ef vel tekst til, að hafa burði til að gjörbreyta háskólakerfinu á Íslandi. Mikilvægt er að sú uppbygging efli Háskólann á Hólum og um leið Hóla í Hjaltadal. Órjúfanlegur hluti þess eru öflugir innviðir, sem styðja við uppbyggingu skólans til framtíðar.

Í minnisblaði ofangreinds framkvæmdahóps er lagt til að aðalbygging Háskólans á Hólum verði seld einkaaðilum, ásamt fleiri byggingum. Aðalbygging háskólans hefur verið hjartað í starfsemi skólans og ímynd hans. Í húsinu eru fjölmargar kennslustofur, fundarými,

skrifstofur háskólans, skrifstofur starfsfólks, bókasafn, mötuneyti, íþróttaaðstaða, þ.m.t. íþróttasalur og sundlaug. Slík aðstaða er forsenda fyrir kennslu bæði nemenda á staðnum og fjarnema sem reglulega mæta í staðbundnar lotur. Einnig er slík aðstaða lykill að blómlegu mannlífi fyrir aðra íbúa staðarins auk nemenda. Ljóst er að bráðabirgðakennslurými á hesthúsasvæðum, sem óskýrar hugmyndir eru um, leysi á engan hátt það hlutverk sem aðalbyggingin hefur haft í starfsemi skólans og fyrir Hóla í Hjaltadal. Því er mjög líklegt að sala á aðalbyggingu háskólans ásamt tilfærslu á stjórn- og stoðkerfi skólans til Sauðárkróks stórskafi starfsemi hans.

Það er lykilatriði að samhliða því að háskólasamstæðu sé komið á fót standi ríkið við yfirlýsingar um að efla starfsemi skólans með uppbyggingu húsnæðis hans, bæði á Hólum og á Sauðárkróki, bæði með viðhaldsframkvæmdum og nýbyggingum. Þannig er lífsnauðsynlegt fyrir háskólann og starfsemi hans að auk þess að fara í viðgerðir og endurbætur á aðalbyggingu háskólans verði gengið frá kaupum á hesthúsinu Brúnastöðum á Hólum og byggingu aðstöðu fyrir fiskeldis- og fiskalíffræðideild á Sauðárkróki.

Þær tillögur sem nú liggja fyrir hafa verið unnar án nokkurs samráðs við íbúa staðarins, almenna starfsmenn Háskólans á Hólum og aðra hagaðila tengda Hólastað. Þær virðast byggja á þekkingarleysi og takmarkaðri framtíðarsýn fyrir Hóla í Hjaltadal, sem eins af merkustu mennta-, menningar- og sögustöðum landsins. Íbúar hafa óskað eftir samtali og samráði, t.d. í kjölfar íbúafundar 2024, en ekkert hefur verið brugðist við því, hvorki af hálfu ríkisvaldsins, sveitarfélagsins Skagafjarðar né Háskólans á Hólum. Gott samráð er forsenda þess að vel takist til við jafn róttækar breytingar og nú liggja fyrir. Við gerum því eftirfarandi kröfur:

- Að víðtækt samráð verði haft við íbúa, starfsmenn háskólans og velunnara skólans og staðarins varðandi hugmyndir um uppbyggingu hans áður en slíkar hugmyndir eru settar formlega fram og komi til framkvæmda.
- Að tryggt verði að heimili og höfuðstöðvar Háskólans á Hólum, líka sem þátttakanda í háskólasamstæðu Háskóla Íslands, verði á Hólum í Hjaltadal.
- Snúið verði frá áformum um sölu á aðalbyggingu Háskólans á Hólum, en þess í stað lagt fjármagn í viðgerðir og viðhald á byggingunni, þar sem að m.a. verður unnið að loftræstingu og aðgengi fatlaðra.
- Að ríkið standi við samninga um uppbyggingu innviða Háskólans á Hólum og gengið verði frá kaupum á Brúnastöðum og byggingu aðstöðu fiskeldis- og fiskalíffræðideildar á Sauðárkróki.

- Að ríkið, Háskólinn á Hólum og sveitarfélagið Skagafjörður vinni í sameiningu, með íbúum, að því að umhverfi Hólastaðar komist til þess vegs og virðingar sem sómi er að.
- Að uppbygging Hóla í Hjaltadal sem eins af *helstu áfangastöðum Íslands* verði gerð í samráði við þá sem þar búa og starfa.
- Að lögð verði áhersla á sterka stöðu kirkjunnar á Hólum og að embætti vígslubiskups Hólástiftis verði eftt og áfram staðsett heima að Hólum.

**Eftirfarandi fá yfirlýsinguna senda:**

Háskólaráð Háskólans á Hólum

Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra

Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra

Sveitarfélagið Skagafjörður

Guðrún Karls Helgudóttir biskup Íslands

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings

Undirritaðir standa að yfirlýsingunni. Efni hennar er betur skýrt í meðfylgjandi greinargerð.

Fundur um málefni Flóta í Hvalbádal  
11. Mars 2026.

Nafn	Kennitala	Netfang
Johann Björnsson	180770 4029	johabjorn@simnet.is
Pjónni Jónsson	030949-2349	K108@simnet.is
Hjalti Pálsson	250647-4419	hjaltipalsson@simnet.is
Bragi Skúlason	270138 4899	bragstuula@gmail
Pjónni Jón	060666-3939	bjornjondob@gmail.com
Jón Einar Kjartansson	311068-5209	jonehli@stodur.is
Alfhildur Magnúsdóttir	2302663019	vidvikingar@gmail.com
Jakob Smári Pálsson	110380-5269	jakobsmari@hotmail.com
Katharina Sommermeier	260782-2079	ZINASTERNCHEN@hotmail.com
Jóna María S. Jónsdóttir	310768-3329	hegardalur68@gmail.com
Anna Þóra Jónsdóttir	230965-3669	annath23@gmail.com
Hlin Múlnka Jóhannsdóttir	160176-2109	Lynghorse@gmail.com
Johanna S.B. Traustadóttir	090976-4355	johanna.sveinbjorn@gmail.com
Sigríður Ólafsdóttir	020481-5879	siggabats@msn.com
Bjarni Þórir Jóhannsson	080692-3071	Bjarni2@gmail.com
Christine Hellwig	190474-2329	Lilliman@gmail.com
Janus Ásir Bráðason	1007063690	06janus@esir@gmail.com
Alfhildur Lárus	040377 5499	alfhildur177@gmail.com
Annadísanna Stefánsdóttir	3007534859	steinholari.hjaltradal@gmail.com
Bjarni Þórir Jónsson	220923 4329	~ ~ ~ ~ ~
Bjarni Dagur Jóhannsson	230997 2419	bjarnid@gmail.com
Hanna Lára Kullgrimsdóttir	2102932219	hannacubcake@hotmail.com

Sara R. Valdimarsdóttir	2909645339	frostastadur@gmail.com
Áström Feinsdóttir	2310592299	wronn23@simnet.is
<del>Gjafir Gunnarsson</del>	030751-7369	gusti51@icloud.com
Sigríður K. Björnsdóttir	290453-5849	mvv@simnet.is
Stann 2 Fírstel Lund	290553-4079	" " "
Sigríður Margrét Ingimarsdóttir	080168-3919	sigridurmar@gmail.com
Þorgeir Gunnarsson	180364-7819	thorgeir.gunnarsson@gmail.com
Þórunn Jónsdóttir	230362-3279	ermai@holar.is
Hjónas Leósson	130587-8569	laufkot@gmail.com
Þórunn Gunnarsdóttir	190177-4599	siggagot@internet.is
Sigríður Gunnarsdóttir	200775-3689	siggagot@internet.is
Kelsey Stansberry	210401-4660	kelsey.stansberry@gmail.com
Gabrielle Ladunée	270597-6459	gabrielle@holar.is
Marie Delbastiy	040793-5699	delbastiy@holar.is
Bradd Ragn Haukur	011070-3849	bradd@gmail.com
Sabine Lodigerois	270699-5029	sabine@holar.is
Christian Klopsch	<del>240192-5009</del> 240192-5009	christian.klopsch@pm.me
Björn K Kristjánsson	031271-3399	bjork@holar.is
Sólrún Harðardóttir	290664-7999	solrunhardardottir@gmail.com
Lampy Jónsdóttir	210566-5899	lampy@holar.is
Skuli Skutlaci	11158-3559	skuli@holar.is
Þorsteinn Björnsson	1103804619	thorsteinn@holar.is
Hafstein Mör Sigríðsdóttir	290200-2020	hafsteinmar@stagaarden.is

# Greinargerð með yfirlýsingu frá fundi um málefni Hóla í Hjaltadal og Háskólans á Hólum

Haldinn 11. mars 2026

## Sögustaðurinn Hólar

Hólar í Hjaltadal er einn merkasti menningar-, mennta- og sögustaður þjóðarinnar. Öldum saman voru Hólar í Hjaltadal annar tveggja höfuðstaða landsins. Þar hefur verið vagga menningar og mennta allt frá árinu 1106. Flestir geta kallað fram í hugann atburði og persónur fyrri alda á Hólum sem höfðu áhrif á samtíma sinn og framtíð. Meira að segja útlendingar finna fyrir andblæ liðinna tíma á Hólum án þess að þekkja nokkuð til sögunnar!

## Hólar nútíðar

Á Hólum í Hjaltadal er aðsetur Háskólans á Hólum, sem ásamt kirkjunni hefur verið kjölfestan í starfsemi þar. Hólar eru eins konar miðpunktur sveitanna í kring. Þangað hafa íbúar sótt ýmsa viðburði auk þess sem börn á leik- og grunnskólaaldri hafa gengið þar í skóla. Fjöldi ferðamanna sækir Hóla heim.

Háskólinn á Hólum hefur byggst upp sem sérhæfður háskóli sem sinnir kennslu og rannsóknum á þremur megin sviðum: Hestafræði, fiskeldi, fiska- og vatnalíf fræði og ferðaþjónustu og viðburðastjórnun. Hefur starfsemi skólans kallað á uppbyggingu sérhæfðrar aðstöðu og jafnframt íbúðarhúsnæðis fyrir fjölbreyttan hóp nemenda sem ýmist búa á Hólum á námstímanum eða koma þangað til skemmri tíma í staðbundnum lotum.

Mikið uppbyggingarskeið hófst á Hólum upp úr 1980 og stóð langt fram á fyrsta áratug aldarinnar. Eftir hrún var farið í sölu eigna og nú eru 39 af 100 íbúðum á Hólum í einkaeign. Á sama tíma hefur orðið mikil uppbygging í nærsveitum, bæði efling bújarða og nýbygging íbúðarhúsnæðis. Íbúar, stofnanir og fyrirtæki á svæðinu skila miklu til bæði ríkis og sveitarfélags.

## Grafið undan starfsemi og ásynd Hólastaðar

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi og ásynd Hólastaðar. Háskólinn á Hólum hefur verið undirfjármagnaður og lítið hefur verið unnið að viðhaldi fasteigna. Í

desember 2023 tók háskólaráð Háskólans á Hólum þá ákvörðun að skólinn myndi ekki koma að annarri starfsemi á Hólum en snéri að skólastarfi, þannig hætti skólinn að mestu leyti að koma að staðarhaldi á Hólum og beindi ýmsum ákvörðunum um staðarhald til ríkisvaldsins. Við þetta hefur staðurinn verið skilinn eftir í lausu lofti hvað varðar viðhald, umhverfi og móttöku þeirra fjölmörgu ferðamanna sem heimsækja Hóla.

Aðkoma sveitarfélagsins Skagafjarðar að Hólum er einnig í lausu lofti og oft gefin misvísandi skilaboð. Sveitarfélagið hefur lýst því yfir að þjónusta við íbúa staðarins hvað varðar snjómokstur sé tímabundin ráðstöfun og byggji á samningagerð við ríkið. Grunnskólanum á staðnum var lokað haustið 2024, án almenns samráðs við íbúa og þrátt fyrir undirskriftir nær allra foreldra grunn- og leikskólabarna gegn lokuninni. Háskólinn á Hólum mótmælti ekki þeim gjörningi, en skólinn hafði áður mótmælt og komið í veg fyrir slíkan flutning.

Unnið hefur verið markvisst gegn því, t.d. með sölu eigna nemendagarða Háskólans á Hólum, að hægt sé að taka almennilega á móti hópum nemenda í staðbundnum lotum eða halda ráðstefnur og vinnufundi á Hólum. Slíkt hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi á Hólum og því lifandi mannlífi sem þar hefur verið. Ekki er auðvelt að finna sambærilega aðstöðu í Skagafirði.

Því virðist sem að ríkisvaldið, sveitarfélagið Skagafjörður og Háskólinn á Hólum séu í sameiningu að grafa undan Hólum í Hjaltadal og starfsemi háskólans þar. Endurspeglast það í minnisblaði framkvæmdahóps um Hóla í Hjaltadal, sem skilaði minnisblaði 15. október 2025. Sá hópur byggði á vinnu fyrri starfshóps sem skilaði minnisblaði í október 2024. Í vinnu hvorugs þessa hóps var haft almennt samráð við íbúa, starfsfólk Háskólans á Hólum, eða aðra sem tengjast staðnum. Slíkt samráð er forsenda þess að vel takist til þegar lagt er af stað í víðtækar breytingar. Tillögur í minnisblöðunum virðast ekki byggja á nokkurn hátt á sterkri framtíðarsýn fyrir Hóla í Hjaltadal. Þar er ekki gert ráð fyrir að Háskólinn á Hólum muni eflast á Hólum í Hjaltadal og kennsla og rannsóknarstarf aukast, og þar með fjöldi nemenda og starfsmanna á Hólum í Hjaltadal. Tillögur minnisblaðanna eru að mestu settar fram án þess að skýrt sé hvernig á að fjármagna þær.

## **Háskólasamstæða**

Nú standa fyrir dyrum stærstu skipulagsbreytingar sem Háskólinn á Hólum hefur staðið frammi fyrir. Skólinn vinnur að myndun háskólasamstæðu ásamt Háskóla Íslands. Ef af verður ætti samstæðan að hafa alla burði til að verða lykilþáttur í framtíðarþróun íslensks háskólakerfis. Því er mikilvægt að vandað sé til verka við slíkt þróunarstarf. Mikilvægt er að breytingarnar efli Háskólann á Hólum og um leið Hóla í Hjaltadal. Háskólinn á Hólum er órjúfanlegur þáttur Hóla í Hjaltadal og staðurinn er hjartað í háskólanum. Samhliða því að

háskólasamstæðu sé komið á fót er mikilvægt að ríkisvaldið standi við yfirlýsingar um að efla starfsemi skólans með uppbyggingu húsnæðis hans, bæði á Hólum og á Sauðárkróki, í senn með viðhaldsframkvæmdum og nýbyggingum. Þannig er lífsnauðsynlegt fyrir háskólann og starfsemi hans að gengið verði frá kaupum á hesthúsinu Brúnastöðum á Hólum og byggingu aðstöðu fyrir fiskeldis- og fiskalíffræðideild á Sauðárkróki auk þess að farið verði í viðgerðir og endurbætur á aðalbyggingu háskólans. Þær tillögur sem sjá má í áður nefndu minnisblaði framkvæmdahóps eru ekki líklegar til þess að stuðla að því að þau markmið náist, en þar er skýrt rætt um sölu eigna skólans, en mjög óskýrt þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi. Á sama hátt er í lagafrumvarpi, og greinargerð með því, um breytingar á lögum um opinbera háskóla er tengist myndun háskólasamstæðunnar skýrt sagt að uppbygging innviða Háskólans á Hólum séu ekki tengd myndun samstæðunnar, í berhöggi við áður gerða samninga.

## **Kirkjan**

Kirkjuping vinnur nú að því að leggja niður vígslubiskupsembættin í núverandi mynd. Þannig eru uppi hugmyndir um að næsti vígslubiskup haldi áfram preststörfum á sínum stað en hafi ekki vistaskipti og flytji til Hóla í Hjaltadal við biskupsvígslu. Verði slíkt að veruleika rýrir það enn frekar starfsemi á Hólum í Hjaltadal.

## **Tillögur samkvæmt minnisblöðum**

Í tillögum minnisblaðs framkvæmdahóps er lagt til að ásamt fleiri eignum verði aðalbygging Háskólans á Hólum seld einkaaðilum. Aðalbygging háskólans hefur verið hjartað í starfsemi skólans og andlit hans út á við. Húsið, sem nú er friðað, var byggt í tveimur áföngum, 1910 og 1927 og teiknað af þeim Rögnvaldi Ólafssyni og Guðjóni Samúelssyni. Ljóst er að færánleg kennslurými á hesthúsasvæðum, sem hugmyndir eru uppi um, leysa á engan hátt það hlutverk sem aðalbyggingin hefur haft í starfsemi skólans og fyrir Hóla í Hjaltadal. Þar eru fjölmargar kennslustofur, fundarými, skrifstofur háskólans, skrifstofur starfsfólks, bókasafn, mótuneyti, íþróttaaðstaða, þ.m.t. íþróttasalur og sundlaug, sem var gefin skólanum af velunnurum á 100 ára afmæli hans. Slík aðstaða er lykill af blómlegu mannlífi fyrir nemendur og aðra íbúa staðarins. Sala á aðalbyggingu háskólans, uppbygging á tímabundinni aðstöðu á hesthúsasvæði, sem líklega yrði látin duga til fjölmargra ára, og tilfærsla á stjórnun og stoðkerfi skólans til Sauðárkróks eru breytingar sem augljóslega verða til þess að stórskaða starfsemi hans og möguleika til áframhaldandi starfsemi og eflingar. Hugmyndir minnisblaðanna fela í sér uppbyggingu nýs húsnæðis og bráðabirgðahúsnæðis. Óljóst er hvort þessi uppbygging fáist fjármögnuð. Sú óvissa gerir

það enn brýnna að starfsemi skólans haldist í aðalbyggingu hans og leitað verði fjármagns til endurbóta og viðhalds á henni. Sá kostnaður verður að öllum líkindum mun lægri en kostnaður við þær nýbyggingar sem ráðgerðar eru skv. minnisblöðum.

Í tillögum í minnisblöðunum er gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu á Hólum í Hjaltadal þegar kemur að ferðapjónustu og að Hólar geti orðið einn af helstu áfangastöðum landsins. Rætt er um stofnun svokallaðrar Hólastofu. Þó að það sé ekki skýrt í minnisblaði framkvæmdahóps þá gæti sala fjölda eigna á Hólum og uppbygging Hólastofu leitt til þess að ferðamannastraumur til Hóla margfaldaðist, sem getur haft veruleg áhrif á lífskjör íbúa þar. Einnig er í tillögunum hugmyndir um að sveitarfélagið Skagafjörður taki við umsjón þéttbýlisins á Hólum í Hjaltadal. Þó er í minnisblaðinu ekki ljóst hvað slíkt þýðir annað en að sveitarfélagið taki við rekstri og viðhaldi fráveitukerfa, en ljóst er að götur og umhverfi á Hólum þarfnast mikils viðhalds og endurbóta. Einnig kemur fram að sveitarfélagið taki við innheimtu lóðargjalda. Óljóst er hver áhrifin af slíkri tilfærslu yrðu fyrir íbúa á Hólum. Mikilvægt er að víðtækar breytingar á Hólum í Hjaltadal séu gerðar í almennu samtali og samráði við íbúa staðarins og aðra sem tengjast honum.

### **Skortur á samráði**

Ljóst er að í þeirri vinnu sem hingað til hefur farið fram varðandi þróun Hólastaðar hefur nær ekkert samráð verið haft við íbúana, almenna starfsmenn Háskólans á Hólum og aðra velunnara Hólastaðar. Í janúar 2024 var ályktun íbúafundar sem sóttur var af íbúum á Hólum og nærsveitum send forsætisráðherra, ráðherra háskólamála, sveitarfélaginu Skagafirði og háskólaráði Háskólans á Hólum. Þar var óskað eftir að þeir sem á Hólum búa lendi ekki á milli í deilum opinberra aðila, að þeir fái þjónustu líkt og aðrir íbúar sveitarfélagsins, að Háskólinn á Hólum taki aftur við staðarumsjón á Hólum og að íbúar fái að taka þátt í þróun Hóla í Hjaltadal. Ekkert var gert með þessar athugasemdir. Því er ljóst að þær tillögur sem nú liggja fyrir hafa verið unnar án nokkurs samráðs og þær virðast byggja á takmarkaðri framtíðarsýn fyrir Hóla í Hjaltadal, sem eins af merkustu mennta-, menningar- og sögustöðum landsins.